



Bifreiðastjórafélagið Frami

Alþingi
Erindi nr. P 133/1227
komudagur 26. 2. 2007

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2007.

Efni: Umsögn v/frumvarps til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum. (Þskj. 178 – 178. mál.)

Stjórn Bifreiðastjórafélagins Frami fagnar tilkomu þessa frumvarps og gerir þar af leiðandi engar athugasemdir við það.

F.h Stjórnar Frami.

Ástgeir Þorsteinsson formaður.



Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1345
komudagur 1.3.2007

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Alþingi
Nefndasvið/samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 26. febrúar 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til umferðarlaga, 178. mál, bifreiðastæði fatlaðra.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar frá 16. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Landssambands lögreglumanna um ofangreint frumvarp.

Engar athugasemdir eru gerðar við efni frumvarpsins.

F.h. Landssambands lögreglumanna,


Steinar Adolffson, framkvæmdastjóri



Nefndarsvið Alþingis
b.t. samgöngunefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis, dags. 16. febrúar 2007, þar sem þess er farið á leit við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, að veitt verði umsögn vegna meðferðar frumvarps til umferðarlaga, 178. mál, bifreiðastæði fatlaðra.

Embættið gerir ekki *efnislegar* athugasemdir við þær tillögur sem frumvarpið hefur í för með sér, um að sérstaklega verði kveðið á um, að lagt sé á gjald þegar ökumenn vélknúinna ökutækja leggja í merkt stæði fyrir bifreiðir fatlaðra án þess að vera með útgefið, gilt og sýnilegt P-merki (stæðiskort fyrir hreyfihamlaða). Vera má að betur fari á því, sbr. 1.gr. frumvarpsins, að nýr og sérstakur stafliður komi inn í ákvæði 1.mgr. 28.gr. umferðarlaga, vegna bifreiðastæða fatlaðra, og ákvæðið verði þ.a.l. slitið frá ákvæði um merkt stæði fyrir leigubifreiðir til mannflutninga, sbr. núgildandi h-lið 1.mgr. 28.gr. Þá stendur tillaga 3.gr. frumvarpsins í beinu sambandi við 1.gr., og eðlilegt að í b-lið 1.mgr. 108.gr. umferðarlaga verði bætt við tilvísun til nýs j-liðar 1.mgr. 28.gr., verði sú leið farin sem 1.gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir.

Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir þeirri tillögu, sbr. 2.gr., að breyting verði gerð á 2.mgr. 100.gr. umferðarlaga, með þeim hætti að ákvæðið kveði á um að eigi skuli refsfa fyrir brot sem tilgreind eru í a-lið 1.mgr. 108.gr. umferðarlaga nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina. Umræddur a-liður tekur m.a. til þess þegar lagt er á stað sem ekki er merktur sérstaklega sem bifreiðastæði og einnig ef ökutæki er stöðvað eða því lagt á gangstétt eða gangstíg, umferðareyjur eða við svipaðar aðstæður. Nái tillaga 2.gr. frumvarpsins fram að ganga falla út refsheimildir og möguleikar 2.mgr. 100.gr. í því skyni, þegar við eiga þau fjölmörgu tilfelli sem allir aðrir stafliðir 1.mgr. 108.gr. en umræddur a-liður, ná yfir, í tilfellum þegar um það er að ræða að stöðvun eða lagning ökutækis hefur í för með sér hættu fyrir aðra eða veldur að óþörfu óþægindum fyrir umferð. Embættið leggst gegn þessari breytingu enda eru engin rök fyrir því að fella út refsheimildir og þ.m. sektarmöguleika vegna þessara brota/stafliða. Þá er bent á að ákærvaldið kann að höfða opinbert mál til refsingar fyrir héraðsdómi þegar við eiga tilteknir stafliðir 1.mgr. 108.gr., og stöðvun eða lagning ökutækis hefur haft í för með sér hættu fyrir aðra eða veldur að óþörfu óþægindum fyrir umferðina.

Þá eru gerðar athugasemdir við texta greinargerðar með frumvarpinu. Úrræði sem stuðla eiga að því að virtur sé réttur fatlaðra að merktum bifreiðastæðum fatlaðra eru þegar fyrir hendi í umferðarlögum. Þá felur frumvarpið ekki í sér neina breytingu frá gildandi lagaheimildum um að heimilt sé að leggja á gjald ef bifreið er lagt í stæði sem merkt er fötluðum. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir því að leggja megi á gjald ef bifreið er lagt í stæði sem merkt er fötluðum, s.s. komist er að orði í texta greinargerðar. Eins og áður segir eru þegar fyrir hendi í ákvæðum umferðarlaga fullnægjandi lagaheimildir til þess að leggja á gjald vegna þeirra ökumanna sem leggja í bifreiðastæði fatlaðra án þess að hafa til þess útgefið, gilt og sýnilegt P-merki. Í þessu skyni er vísað til gildandi h-liðar 1.mgr. 28.gr. umferðarlaga, sbr. einnig b-lið 1.mgr. 108.gr. umferðarlaga. Er lagst gegn hugmyndum um útvíkkun sektarheimilda vegna stöðubrota og skoðunarbrot. Er jafnframt vísað til reglugerðar nr. 369 30. maí 2000, um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, sbr. einnig reglugerð nr. 592 23. júlí 2002, um sama efni, einkum 1., og 5.gr. reglugerðarinnar. Þá kveður 9.gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995 með síðari breytingum, liður D01.21, á um að umferðarmerkið „bifreiðastæði fyrir fatlaða” sýni bifreiðastæði sem eingöngu er ætlað fötluðum, en einnig er heimilt að nota merki D01.11 með undirmerki J11.11. Samkvæmt 5.gr. umferðarlaga skal vegfarandi fara eftir leiðbeiningum um umferð sem gefnar eru til kynna með umferðarmerkjum.

Engin haldbær rök eða ástæður virðast fyrir því að hrófla við núverandi gjaldtöku- og stjórnsýsluframkvæmd vegna brota gegn gildandi staflíðum 1.mgr. 108.gr. umferðarlaga, en í niðurlagi greinargerðar er tekið fram að lagt sé til að refsað verði fyrir brot sem tilgreind eru í 1.mgr. 108.gr., nema þau sem kveðið er á um í a-lið ákvæðisins. Á sama tíma er lagt til með 2.gr. frumvarpsins, að fella úr gildi möguleika á að refsa fyrir alla aðra staflíði 1.mgr. 108.gr., en a-liðinn, og með því eru útilokaðir refsímöguleikar á grundvelli 1.mgr. 108.gr., við þær aðstæður sem niðurlag 2.mgr. 100.gr. kveður á um. Að þessu leyti virðist texti greinargerðar og 2.gr. frumvarpsins stefna í sitt hvora áttina. Bent er á að gildandi gjaldtökufyrirkomulag er mun sveigjanlegra í framkvæmd að því er varðar umrædd stöðubrot og skoðunarbrot (67.gr. umferðarlaga) heldur en sektarfyrirkomulag og allar hugmyndir um breytingar yfir í sektarfyrirkomulag auka verulega málafjölda lögreglu og ganga gegn því hagræði og þeim markmiðum sem m.a. var að stefnt með breytingum 10.gr. laga nr. 84/2004.

Ekki eru efni til frekari athugasemda.

Reykjavík, 28. febrúar 2007

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson
lögfræðingur yfirborðs





Alþingi
Erindi nr. P 133/1344
komudagur 1.3. 2007

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 26. febrúar 2007

Tilvísun: 2007020135

50.03

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Embætti ríkislögreglustjóra vísar til bréfs samgöngunefndar, dags. 16. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til umferðarlaga, 178. mál, bifreiðastæði fatlaðra.

Embætti ríkislögreglustjóra tekur ekki efnilega afstöðu til frumvarpsins.

F.h. RLS

Páll E. Winkel

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. P 133/1343
komudagur 1.3.2007

KS/kb


Reykjavík 28. febrúar 2007

Tilv.: 200702-0155

670

Borist hefur til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987, 178. mál, bifreiðastæði fatlaðra.

Af hálfu ríkissaksóknara eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Póstfang:
Hverfisgata 6
150 Reykjavík

Sími:
530-1600
Netfang: rsak@tmd.is

Bréfsími:
530-1606

Kennitala:
530175-0229

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

28. febrúar 2007
07020051

**Varðar bréf Alþingis, dagsett 19. febrúar 2007.
Umferðarstofu sent til umsagnar frumvarp til
breytinga á umferðarlögum nr. 50/1987, 178 mál,
bifreiðastæði fatlaðra.**

Fyrir Alþingi liggur frumvarp, 178 mál, til breytingar á umferðarlögum nr. 50/1987, breytingu á 28., 100. og 108. gr. laganna.

Um 1. og 3. gr. frumvarpsins.

Engar athugasemdir.

Um 2. gr. frumvarpsins.

Aðstæður eru oftast þannig varðandi þau ákvæði um brot, sem í 1. mgr. 108. gr. er heimilað að ljúka máli með því að leggja á gjald, að hinn brotlegi er víðs fjarri þegar brot er framið þannig að ökutæki hefur stöðvað eða því lagt ólöglega. (sjá tilvísun í umferðarlög hér að neðan). Mætti ekki leggja á gjald í slíkum tilvikum yrði refsivarslan erfið og tímafrek þar sem oft þyrfti að hafa uppi á ökumanninum og yfirheyra hann um brotið til þess að ljúka meðferð máls. Þegar lagt er á gjald verður meðferðin einfaldari þar sem í 109. gr. umferðarlaganna er kveðið á um að ábyrgð greiðslu gjaldsins hvílir á eiganda eða umráðamanni viðkomandi ökutækis auk þess sem ábyrgð greiðslu hvílir á þeim sem ber ábyrgð á því að ökutæki var stöðvað eða því lagt.

Með ákvæði 2. mgr. 100 gr. og 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga er rýmt fyrir úrræðum einkaréttarins, breytt er hinu hefðbundna viðurlagakerfi, refsíákvæði er þrengt. Í stað refsíábyrgðar og refsivörslu kemuri einkaréttarúrræði. Þessi breyting á rót sína að rekja til þess að refsivörslukerfið hefur reynst vanmáttugt, meðferð mála tímafrek og torsótt.

Það yrði veigamikil breyting að fella brott úr 2. mgr. 100 gr tilvísun í aðra liði 1. mgr. 108. gr. en a-lið. Spurningin vaknar, í hvaða málum eigi þá að kæra til refsingar, í hvaða málum leggja á gjald. Líklega liggur svarið við spurningunni í orðum í 2. mgr. 100. gr.: „... nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina.” ●

Um greinargerð með frumvarpinu.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m. a. eftirfarandi fram:

1. *Bifreiðastæði merkt fötluðum eru þeim einstaklingum afar mikilvæg til að geta verið virkir þátttakendur í samfélaginu og verið sjálfbjarga í daglegu lífi.*

Hér á landi er verulega ábótavant að reglur um nefnd stæði fatlaðra séu virtar af öikumönnum og oft lagt í þessi stæði þó P-stæðiskort hreyfihamlaðra sé ekki til staðar í bifreið.

2. *í 2. mgr. 100. gr. laganna kemur fram að ekki skuli refsað fyrir þau brot sem greint er frá í 108. gr. nema stöðvun og lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum í umferðinni.*

Úr umferðarlögum:

1. mgr. 108. gr. umferðarlaga hljóðar svo:

„Leggja má gjald á vegna brota á:

- a. ákvæðum 4. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 27. gr.,
- b. ákvæðum a-, b-, h- og i-liða 1. mgr. 28. gr.]
- c. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem gefið er til kynna með umferðarmerki,
- d. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem sett er skv. 81. gr., enda þótt bannið sé ekki gefið til kynna með umferðarmerki,
- e. öðrum ákvæðum um stöðvun eða lagningu, sem sett eru skv. 81. gr. eða 1. mgr. 83. gr., og
- f. reglum um notkun stöðureita skv. 2. mgr. 83. gr.
- g. ákvæðum um að færa ökutæki til skoðunar og á þeim reglum um skoðun ökutækja sem ráðherra setur með stoð í 67. gr.”

Eftirfarandi ákvæði hljóða svo:

4. mgr. 7. gr.: „Eigi má leggja ökutækjum nema á sérstaklega merktum stæðum. Ákvæði þetta gildir eigi um reiðhjól.”

3. mgr. 27. gr.: „Eigi má stöðva ökutæki eða leggja því á gangstétt eða gangstíg, nema annað sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 81. gr. Sama á við um umferðareyjar og svipaða staði.”

a-, b-, h- og i-liða 1. mgr. 28. gr.:,

- a. á gangbraut eða í minna en 5 metra fjarlægð áður en að henni er komið,
- b. á vegamótum eða í minna en 5 metra fjarlægð frá næstu brún akbrautar á þvervegi,
- c. á merktu stæði fyrir leigubifreiðir til mannflutninga eða bifreiðir fatlaðra, og
- d. í minna en 15 metra fjarlægð frá merki fyrir biðstöð hópibifreiða.”

Virðingarfyllst,



William Thomas Möller